

Með September 1903 innskrifaðist hann við Collegiate Institute (undirbúnings skóli fyrir háskólann. Undirbýr sá skóli einnig kennara barnaskólamna). Við fyrsta árs próf (að meðtoldum öllum mánaðalegum prófum og auka yfirheyrzlum) hlaut hann I einkun ($87\frac{3}{4}$ per cent.), við próf miðársins I ágætis einkun (IA) og auk þess Isbister verðlaun (\$20) sem veitt er fyrir beztu jaðnaðar einkun yfir árið og við burtfarar prófin sumarið 1906 hlaut hann I ágætis einkun (IA, var meðaltal 95 per cent.) og auk þess \$60 verðlaun í latínu og stærðfræði og heiðurs viðurkennung fyrir ensku og grísku.

Með Október 1906 innritaðist hann við háskólann og skrifðaðist í Manitoba College. Fyrsta árs prófi lauk hann þannig að hann hlaut I ágætis einkun (í 11 greinum IA og einni IB, meðaltal IA) og auk þess \$60 verðlaun fyrir latínu og stærðfræði og heiðurs viðurkennung fyrir próf í Rómverskri sögu, ensku, frönsku og grísku. Öðru árs prófi lauk hann á sama hátt með I ágætis einkun (í 10 greinum IA og í einni IB—meðaltal IA). Verðlaun hlaut hann aftur, þá fyrir latínu, ensku, sögu og heimspeki, er námu \$60 og heiðurs viðurkennung í ensku, frönsku og grísku. Yfir árið sem leið er sömu sögu að segja, enn I ágætis einkun (IA í öllum 10 greinum) og heiðursverðlaun háskólans \$125 fyrir hæstu einkun yfir 3 árin. Á miðsvetrar prófi í veturna hlaut hann enn I ágætis einkun, og vafalaust tekur þá einkun í vor er hann útskrifast.

Þetta er skóla saga hans í fáum orðum, en auk þess hefir hann gefið sig að ýmsum félagsmálum snertandi nemendur Manitoba College, kappræðu félögum, leikfimisfélögum osfrv. Þetta ár er hann forseti bókmentafélags skólans og kappræðu félags háskólans. Árið 1909 hlaut hann "Gold Medal for Public Oratory". Fyrir hönd háskólans mætir hann nú í veturna í kappræðu við háskóla Dakota ríkis. Verður kappræða sú haldin í Grand Forks í Dak., 4 Marz þ.á. Í hlaupum og stökkum, sundi og knattleikum hefir hann getið sér góðann orðstír.

Í haust ið komandi leggur hann af stað héðan til Oxford, og fylgja honum heilla óskir allra vina hans og foreldra hans.